



## Comeniusarfréttir - samstarfsverkefni skóla

### Þátttaka 2008

Íslenskir skólar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa verið ákaflega öflugir þátttakendur í evrópsku skólasamstarfi styrktu af Menntaáætlun ESB - Comenius. Skólaverkefni byggja á samstarfi milli leik-, grunn- og framhaldsskólastigi frá a.m.k. þremur Evrópulöndum. Verkefni standa yfir í 2 ár.

Markmið Comeniusarverkefna er að styrkja samstarf milli evrópskra skóla með því að koma á sambandi milli kennara og nemenda, styrkja kennaraskipti og auka þekkingu á menningu og tungu annarra þjóða. Samstarfsverkefni geta verið á sviði hvaða námsgreinar sem er t.d. lista, vísinda, umhverfismála, sögu, landafræði, leikfimi, heimilisfræði o.fl.

### Styrkir

Styrkir eru veittir til fundaðra kennara og nemenda, kennaraskipta, heimsóknna skólastjóra og ferða á ráðstefnur á vegum Comeniusarnets. Verkefni standa yfir í 2 ár og er sótt um styrk fyrir allt tímabilið. Af þeim 34 umsóknum um skólaverkefni sem bárust í ár verður hægt að styrkja 28 verkefni með íslenski þátttöku. Heildarupphæð styrkja nemur 449.500 evrum. Eftirfarandi skólar hljóta styrk til samstarfsverkefna árið 2008. Eins og sjá má á heitum verkefna eru viðfangsefni af ýmsum toga. Oft er hægt að fylgjast með framvindu verkefna á heimasíðum skóla. Einnig eru verkefnisslóðir Comeniusarverkefna að finna á slóðinni: <http://www.ask.hi.is/page/heimasidur>

### Skóli Heiti verkefnis

Árskóli: Healthy schools, healthy minds  
Áslandsskóli: My world, your world, our world  
Brekuskóli: Tasting a Healthier Europe  
Dalvíkurskóli: Celebrations of the Nations

Engjaskóli: Treasures to be discovered  
Fjölbautaskólinn við Ármúla: Connecting cultures  
Fjölbautaskóli Vesturlands: Europe in a salad bowl  
Fjölbautaskólinn í Breiðholti: Let us meet through Art  
Garðaskóli : Food Culture and Health  
Grunnskólinn í Vestmannaeyjum: Colour Your Maps  
Grunnskólinn í Vestmannaeyjum: Europe Student Environment Parliament  
Grunnskólinn í Vestmannaeyjum: Sports without borders  
Hvaleyrarskóli: Creative language learning  
Korpuskóli: Johnny's seven friends  
Landakotsskóli: Hello Humour  
Lágafellsskóli: Water water everywhere  
Leikskólinn Dvergasteinn: Puppets with a mission  
Leikskólinn Flúðir: My Story, Your Story our story world  
Leikskólinn Furugrund: Euro citizens of the future  
Leikskólinn Gimli: Side by side in Education  
Leikskólinn Nóaborg: Democracy at school  
Menntaskólinn í Kópavogi: PC Based Math Project  
Njarðvíkurskóli: Side by side in Education  
Rimaskóli: Tourism and Environment  
Síðuskóli: Wonderful bright colours Europeans have  
Sæmundarskóli: Different methods for Different students  
Verzlunarskóli Íslands: European knowledge, based on national sources  
Vesturbæjarskóli: SMASH

**Tvíhliða samstarfsverkefni** byggja á gagnkvæmum nemendaskiptum og svipar til skólaverkefna. Hægt er að sækja um að fara með allt að 24 nemendur í ferðir. Sex umsóknir bárust en einungis var hægt að styrkja 2 verkefni að þessu sinni:

Menntaskólinn í Kópavogi: Whalers and pilgrims  
Menntaskólinn á Akureyri : Meet the experience – Connecting cultures

### Styrkir til endurmenntunar kennara:

Um sjötíu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa fengið Comeniusarstyrki til að sækja endurmenntun í sínu fagi. Meðalstyrkur hefur verið í kringum 1500 evrur fyrir einnar viku námskeið. Kennarar sækja menntun sína vítt og breitt til Evrópu og sífellt eykst framboð námskeiða, sjá:

<https://webgate.ec.europa.eu/llp/istcoursedata/base/> Einnig hafa kennarar fundið námskeið sjálfir eða óskað eftir að fara og fylgjast með starfi kennara í evrópskum skólum.



Comenius samstarf Lækjarborg „Peace through games and art“

### Leiðir til þátttöku í evrópsku skólasamstarfi

Á heimasíðu

<http://www.ask.hi.is/page/comstyrkir> eru að finna tengslaráðstefnur vítt og breitt um Evrópu sem standa til boða fyrir kennara og skólastjórnendur. Tengslaráðstefnur eru kjörin leið fyrir byrjendur í evrópsku skólasamstarfi. Þar eru kennarar leiddir saman, oft eftir þeim og skólastigum. Farið er í gegnum umsóknarferlið og kennurum gefst færi á að viðra hugmyndir í vinnustofum. Comenius styrkir eru veittir til ferða og upphalds/ráðstefnugjalds. Ef samstarf skóla er þegar til staðar er hægt að sækja um undirbúningsheimsóknastyrk til að funda með væntanlegum samstarfsaðila.

### Evrópsk tengslaráðstefna á Íslandi

#### Tungumálanám í grunnskóla

Dagana 24.-25. október verður haldin evrópsk tengslaráðstefna á Háskólatorgi í Reykjavík. Nú þegar hafa um 40 erlendir kennarar skráð sig til leiks. Íslenskir kennarar eru hvattir að taka þátt. Skráning fer fram á síðunni [comeniusseminar.is](http://comeniusseminar.is) og er ráðstefnugjald 100 €. Sjá ráðstefnudagskrá á ofangreindri slóð.

### Fyrirmyndarverkefni - Comenius

Menntaskólinn í Kópavogi fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2007 fyrir Comeniusarverkefnið **equal2 equal** <http://www.mk.is/e2e/> evrópskt verkefni þar sem leitast er við að gera nemendur meðvitaða um kyn og kynímyndir, hvernig þær mótast og þeim viðhaldið. Þá stóð skólinn fyrir sérstakri jafnréttisviku í mars sl. þar sem kennslan hafði jafnrétti kynjanna að inntaki með einum eða öðrum hætti auk metnaðarfullrar dagskrár þar sem fjallað var um jafnrétti kynjanna frá ýmsum sjónarhornum. Jafnréttisráð taldi að MK sýndi gott starf á sviði jafnréttismála og vildi með viðurkenningunni hvetja aðra skóla til líkrar starfsemi.

### Verkefnið *Dropouts? not in my school* í

samvinnu MK, FSU og skóla í Bretlandi og Ítalíu var tekið sem dæmi um gott Comeniusarverkefni í evrópskum bæklingi framkvæmdastjórnar ESB. Umfjöllunarefnið er mjög mikilvægt þar sem árlega hætta um 6 miljónir nemenda námi á framhaldsskólastigi í Evrópu. Verkefnið vann að því að finna leiðir til að koma í veg fyrir brottfall nemenda með því að skoða ástæður fyrir brottfalli og leiðir fyrir skóla-yfirvöld til að taka á því með skilvirkum hætti. <http://www.donimsproject.com/>

**Evrópskir aðstoðarkennarar** sú breyting hefur orðið á að nú er ekki einungis hægt að fá evrópskan aðstoðarkennara í tungumálum í kennslu hér á landi í styttri eða lengri tíma (3-8 mánuði) heldur í öllum námsgreinum. Fjórtán kennarar á grunn- og framhaldsskólastigi sóttu um að fá evrópskan aðstoðarkennara og var hægt að verða við helmingi þessara beiðna. Tveir íslenskir verðandi kennarar eru á leið út og aðstoða við kennslu í Danmörku og Austurríki.

